

---

## 8. fundur skólaráðs, haldinn í Lækjarskóla 26. janúar 2011 kl. 8:15.

Gengið til dagskrár þar sem byrjað var á lið 6 og síðan haldið áfram samkvæmt fundarboði:

### 1. Skóladagatal

Grunnur að skóladagatali fyrir skólaárið 2011-2012 lagður fram.

Rætt var um vetrarfrí. Skoðað var að hafa vetrarfrí á annari önn starfsársins, báðum önnum eða vorönn. Fulltrúar skólaráðs vildu hafa tvískipt vetrarfrí að einum undanskildum sem vildi heldur hafa vikulangt frí á vorönn.

Rætt var um kosti og galla við að samræma frídaga leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Fundarmenn töldu æskilegt að samræma frídaga milli skólastiga.

Fundarmenn voru sammála um að dagsetning skólasetningar fyrir næstkomandi skólaár yrði 22. ágúst 2011.

Skóladagatal fyrir skólaárið 2011-2012 verður aftur tekið fyrir á næsta fundi skólaráðs.

### 2. SMT

Frestað

### 3. Samræmd próf

Skólastjóri kynnti framfarastuðul Lækjarskóla frá árunum 2007 til 2010.

Framfarastuðullin hefur verið jákvæður að meðaltali á árunum 2007 til 2010.

Hafa ber í huga að Lækjarskóli er safnskóli fyrir nemendur sem þurfa á sértækum úrræðum að halda og hver skóli er með sínu sniði og því er samanburður oft hæginn á milli skóla.

### 4. Símenntun

Frestað

### 5. Sjálfsmat

Árangurstjórnun felur meðal annars í sér sjálfsmatsáætlun og niðurstöður í Lækjarskóla.

Gert er ráð fyrir því að foreldrakönnun verði lögð fyrir á næsta foreldradegi. Frá fundarmönnum kom fram uppástunga um að breyta framkvæmd könnunarinnar og hafa hana rafræna og senda hana í netpósti til foreldra. Þetta var samþykkt samhljóma.

Nemendakönnun verður lögð fyrir í vor.

## 6. Forvarnir

Valgerður Pálsdóttir, námsráðgjafi kom á fundinn.

Hún fór yfir eineltismál Lækjarskóla og þar kom fram að eineltisteymi er starfandi við skólann. Eineltisferli og tilkynning um einelti eru til og eru upplýsingar um slíkt á heimasíðu skólans.

Á morgun er foreldradagur og þá munu umsjónarkennarar afhenda foreldum skólans bæklinginn „Einelti“ frá Heimili og skóla og kynna um leið upplýsingar um eineltisferlið sem eru á heimasíðu skólans.

Einnig kom fram í erindi Valgerðar að fyrirhugað er að fá póstkassa fyrir eineltis tilkynningar staðsettan á skrifstofu skóla.

Leggja á aukna áherslu á að vinna meira í forvörnum innan bekkja, meðal starfsmanna og í samstarfi við foreldra.——

Áríðandi er að fagfólk fari yfir fyrstu upplýsingarnar og vinni úr þeim.

## 7. Fjárhagsáætlun

Frestað

## 8. Frá foreldrafélaginu

Piparkökudagurinn var haldinn í desember s. l. og heppnaðist vel með metþátttöku.

Foreldrafélagið hélt fund s. l. mánudag þar sem rætt var um vorhátíð sem verður haldin í samvinnu við Vitann og 10. bekk.

### **Tillaga að breytingu á reglum Lækjarskóla frá foreldrafélagi skólans:**

Að nemendur yngri en í 5. bekk megi einnig hjóla í skólann og séu þeir og hjólin þeirra á ábyrgð nemenda og foreldra.

Foreldrafélagið vill að skoðað verði að breyta reglum skólans varðandi þetta. Skólastjóri er samþykkur því að endurskoða reglur skólans varðandi hjólreiðar nemenda.

Eftirfarandi kom fram frá fundarmönnum:

Að börn á leið í skólann eru á ábyrgð foreldra.

Öryggissjónarmið verði að vera í heiðri höfð og að nemendur séu ekki að hjóla í svartasta skammdeginu og að yngstu nemendur séu í fylgd foreldra sinna.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar 8. febrúar.

Fram kom hjá foreldrum að það vantaði fréttablað við skólann sem gæti komið út á eins til tveggja mánaða fresti. Hugmynd kom fram um að hafa vinnslu fréttablaðs sem valgrein í 10. bekk í samvinnu við starfsmenn skólans.

Fréttablaðið yrði sent út rafrænt til foreldra.

## 9. Frá nemendaráði

Nemendaráð Lækjarskóla og nemendaráð Víðistaðaskóla eru að fara í Kaldársel.

„Sleep-over“ verður n. k. föstudag hjá nemendum í 8.-10. bekk.

Fjáröflun. Nemendur í 10. bekk verða með kökusölu á foreldradaginn og þeir hafa verið að bera út greiðsluseðla fyrir foreldrafélag Lækjarskóla í fjáröflunarskyni.

## 10. Önnur mál

### Tillaga frá formanni foreldrafélags:

Að leikfimi- og sundtímar unglिंगadeildar verði síðustu tímar í stundatöflum nemenda. Tillagan fékk stuðning fulltrúa nemenda í skólaráði.

Minnisblað frá Foreldraráði Hafnarfjarðar verður sent til fundarmanna.

Fundi slitið 9:28.

### Fundinn sátu:

Haraldur Haraldsson, skólastjóri

Nanna Pétursdóttir, formaður foreldrafélags, fulltrúi foreldra

Elma Karen Sigþórsdóttir, gjaldkeri foreldrafélags, fulltrúi foreldra

Þórarinn B. Þórarinsson, fulltrúi kennara

Hrönn Arnasdóttir, fulltrúi kennara

Oddný Jóhannesdóttir, fulltrúi starfsmanna

Anna Karen Gunnarsdóttir, formaður nemendaráðs, fulltrúi nemanda

Hildur Elva Finnsdóttir, nemendaráði, fulltrúi nemanda

Fundargerð ritaði Sólrún Helgadóttir